

EYSTRAHORN

9.tbl. 41. árgangur

16.mars 2023

www.eystrahorn.is



Laufey Hafsteinsdóttir

Leikmenn meistaraflokks knattspyrnudeildar Sindra

*Frá vinstri: Kristin Barboza, Suna Gunn, Telma Bastos,
Berglind Stefánsdóttir, Helga Nótt Austar Egilsdóttir*

STYRKARVINIR EYSTRAHORNS

Í fyrsta lagi langar mig að þakka fyrir ótrúlega góð viðbrögð við Eystrahorni. Þetta er búið að reynast mjög skemmtilegt og lærdómsríkt. Að fá tækifæri til þess að hitta allskonar fólk kynnast samfélaginu á allskonar vegu eru forréttindi sem ég er mjög þakklát fyrir að fá að sinna. Það er frábært að fá ábendingar, greinar og efni frá ykkur og hvet ég alla til þess að halda því áfram.

Við getum líklegast öll verið sammála um það að Eystrahorn er mikilvægur vettvangur fyrir upplýsingar sem þurfa að komast til skila en einnig þjónar það mikilvægum menningarlegum tilgangi. Þetta er vettvangur fyrir allskonar

mikilvægt og minna mikilvægt en alltaf merkilegt. Vettvangur til þess að fá innsýn í flóru samfélagsins, vettvangur þar sem allir geta viðrað sína skoðun og vettvangur þar sem við getum lesið um, samleðst og verið stolt af því sem gott er gert. En héraðsfréttamiðlar eins og Eystrahorn eru oftar en ekki litlir og ekki fjárhagslega sterkir. Það er mikil vinna og metnaður sem er lagður í hvert blað sem margir koma að. Deildir innan ungmennafélags Sindra sjá um útburð blaðsins á Höfn. Ungur og upprennandi ljósmyndari sem er að stíga sín fyrstu skref sendir blaðinu forsiðumyndir. Prófkalesari þaulles gaumgæfulega í hverri viku og svo er allt hitt.

Það er einlægur ásetningur að halda áfram að vinna Eystrahorn í þessari mynd en til þess að það gangi til lengri tíma lítið og verði sjálfbært þá er hægt að leggja okkur lið með því að gerast vinir blaðsins með mánaðarlegum styrk. Upphæðin er valfrjáls, hver króna hjálpar. Hægt er að gerast "styrktarvinur Eystrahorns" með því að fara á vefsíðuna okkar og skrá sig. Þar er hægt að velja upphæð sem óskað er eftir að styrkja með mánaðarlegu framlagi. Einnig er öllum frjálst að styrkja útgáfuna með einstaka framlagi. Ég þakka enn og aftur fyrir móttökurnar og ég hlakka til að miðla upplýsingum og fróðleik um samfélagið okkar vonandi í langan tíma.

Virðingafyllt
Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Ritstjóri Eystrahorns.

BRÁÐSKEMMTILEGUR FJÖLSKYLDUVÆNN SÖNGLEIKUR



Nú styttist óðum í frumsýningu á hinum sívinsæla fjölskyldusöngleik Galdrakarlinum í Oz. Verkið er sett upp í Mánagarði í samstarfi leikfélags Hornafjarðar við FAS. Flestir ættu nú að kannast við hinar ýmsu sögupersónur sem eru á kreik í Oz og nágrenni en sem dæmi má nefna Dórotheu, hundinn Tótó, fuglahræðuna, járnkarlinn, ljónið, góðu norðannornina, vondu vestannornina og galdrakarlinn sjálfan. Verkið er bæði hugljúft og boðskapurinn fallegur en einnig stútfullt af kímni, gleði, söng og dansi.

Æfingar hófust fljótlega eftir áramót og hefur ferlið verið skrautlegt og skemmtilegt. Hópurinn samanstendur af nemendum FAS, áhugaleikurum á öllum aldri og áhugasömu fólki víðsvegar úr samfélaginu sem vilja leggja leikfélaginu lið. Það er þó einstakt í verkinu í ár að í hópnum eru nokkrir mun yngri leikarar en tíðkast hefur áður í uppsetningum leikfélagsins.

Opnar áheyrnarprufur voru haldnar í Sindrabæ í byrjun árs fyrir áhugasöm börn á aldrinum 10 ára og eldri.

Það að setja upp svona stórt og skemmtilegt verk krefst aðkomu fjölbreyttra aðila úr samfélaginu. Við erum ósköp þakklát þeim sem taka þátt í verkinu á einhvern hátt, hvort sem er á sviði eða á bakvið tjöldin.

Leikstjóri verksins er Vala Höskuldsdóttir og erum við í leikfélaginu mjög þakklát að

hafa fengið hana til okkar. Vala hefur sinnt starfi sínu af mikilli áluð og hefur náð vel til leikaranna okkar. Áhersla hefur verið lögð á leikgleðina og hefur Vala hvatt leikarana til að opna á sér ævintýrahjartað. Vala er leikstjóri og sviðslistastjóri fædd og uppalin á Akureyri. Hún hefur meistaraþráðu í sviðlistum frá Listaháskóla Íslands og er að ljúka kennsluréttindum þaðan.

Sýningin er fyrir fólk á öllum aldri og því tilvalið að bjóða börnum sem og öfum og ömmum. Miðasala verður auglýst þegar nær dregur. Við vonum að sem allflestir Hornfirðingar komi í leikhúsið og opni ævintýrahjörtun sín fyrir þessu margslunga og stórbrotna verki sem Galdrakarlinn í Oz er. Það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem það er leikurinn, tónlistin, litríkir og skemmtilegir búningar eða sviðsmyndin.

Leikfélag Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum í íbúaráð

Bæjarráð hefur haft undirbúning að stofnun þriggja íbúaráða og verður skiptingu þeirra háttað svona:

- Örnefi
- Suðursveit og Mýrar
- Nes og Lón

Ákveðið var að hefja vinnuna með því að óska eftir að fólk gefi sig fram til þess að taka þátt í að undirbúa formlega stofnun ráðanna í samráði við starfsfólk sveitarfélagsins.

Gjaldgengir fulltrúar í ráðin eru þeir sem eru 18 ára og eldri sem hafa lögheimili á viðkomandi svæði. Öll sem eru áhugasöm eru hvött til að gefa sig fram við starfsmenn sveitarfélagsins og bjóða fram krafta sína. Greidd verður þóknun fyrir fundarsetu fulltrúa í íbúaráðunum.

Nauðsynlegt er að við val á fulltrúum í íbúaráðin verði horft til fjölbreytileika sem endurspeglar samfélagið með tilliti til kynferðis, aldurs, uppruna og annarra samfélagsþátta.

Hugmyndir að hlutverki íbúaráða:

- Íbúaráð skulu vinna að auknu íbúalýðræði innan sveitarfélagsins og eru mikilvægur samráðsvettvangur innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunahópa og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði og stuðla að eflingu félagsauðs.
- Að vera vettvangur samráðs fyrir íbúa, félagasamtök og atvinnulífs á sínu nærsvæði og bæjarstjórnar.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumótun Hornafjarðar innan viðkomandi svæðis.
- Íbúaráð skulu vera ráðgefandi fyrir stjórnarsýslu sveitarfélagsins og tengja stjórnkerfið betur að íbúum og nýta þekkingu þeirra í sínu nánasta umhverfi.
- Að gera tillögur til bæjarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis.

Tillögum og umsóknum skal skilað til Bryndísar Bjarnarson á netfangið bryndis@hornafjordur.is eða afgreidsla@hornafjordur.is

Staðfesting verður send viðkomandi til baka, einnig er hægt að hringja í 4708000 til að fá nánari upplýsingar.



Austurbraut 20• Sími: 662-8281

Útgefandi: Eystrahorn ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður:.. Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Netfang: arndis@eystrahorn.is

Prófarkalestur..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



Lifandi vafn
-Hætt hjálpa með Elend heilbrigði-

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hökkum til að sjá þig

Jesús segir:
El þokkur þyrstir þá komi hann
til mín og drekk.
Þú hefur Jesús sem trúu á mig
munu renna
Lákur lífandi vafns

www.eystrahorn.is

FUNDARBOÐ

AÐALFUNDUR BÚNAÐARSAMBAND
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU VERÐUR
HALDINN Í HOLTÍ ÞRIÐJUDAGINN

21. MARS KL 20:00.

VENJULEG AÐALFUNDASTÖRF
HVETJUM ALLA TIL AÐ MÆTA

STJÓRNIN.

FRAMSÓKNARFÉLAG A-SKAFT



AÐALFUNDUR VERÐUR HALDINN

ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS KL 17:30. Í PAPÓSHÚSINU

VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF OG ÖNNUR MÁL.

ALLIR VELKOMNIR
STJÓRNINN.

Bæjarmálafundur

Laugardaginn 18. mars klukkan
11:00 halda Sjálfstæðismenn
bæjarmálafund í Sjallanum
Kirkjubraut 3.
Kaffiveitingar í boði.

Öll velkomin



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Samvera í Ekru föstudaginn 17. mars
kl. 17:00. Eva Eiríksdóttir og Friðrik
Ingvaldsson sýna myndir og segja
frá heimsókn sinni til Tsjernóbyl í Úkraínu. Þetta má
enginn láta fram hjá sér fara.

Vöfluball sunnudaginn 19. mars kl. 15:00.
Ekrubandið spilar fyrir dansi. Vöflur og kaffi, kostar
1.000 kr. Fjölmönnum nú og höfum gaman saman!

MINNUM Á ÁÐUR AUGLÝSTAN **AÐALFUND**
FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA 23. MARS KL.
17:00 Í EKRU.



Gerast styrktarvinur Eystrahorns

Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér styrktarvini Eystrahorns.
Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, inn á reikning útgáfunnar.
Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar
hverjum og einum.

www.eystrahorn.is/askrift

TAKK FYRIR STUÐNINGINN KÆRU HORNFIÐINGAR



Félagar í Kiwanisklúbbnum Ós þakka fyrir þann stuðning og hlýhug sem Hornfirðingar sýndu í G-veislu klúbbsins núna í mars. Konur voru sérstaklega velkomnar að þessu sinni að njóta veitinga, veislu og dansleiks. Veislan tókst sérlega

vel. Veislustjórinn Þorkell Guðmundsson sem er höfundur Pabbabrandara fór á kostum.

Matseðill var m.a. saltað hrossa- og sauðakjöt, hnisa í ostrusósu og grillað langreyðakjöt með kartöflum og rófum frá Seljavallabúinu, smáréttir í boði Pakkhússins lax og rækjuspjót, en þeir snillingar matreiddu og gerðu allar sósur. Að borðhaldi loknu var fjölmennt ball með hljómsveitinni 6-Pence. Það er alveg ástæða að fara hlakka til næsta árs þar sem verður boðið upp á viðlíka mat og skemmtun.

Að loknu borðhaldi var listaverkaupþöð og er listafólkinu; Eyrúnu, Lísu, Herdís, Svövu og Þorra, þakkað fyrir sitt framlag og einnig þeim sem buðu í og eignuðust listaverkin.

Sérstakar þakkir fá dyggir bakhjarlar sem standa þétt við bakið á okkar starfi og þar má nefna; Pakkhúsið, Flytjanda, Mikael, Ajtel, Martölvuna, Hafíð, Eystrahorn, Seljavelli og Hval h/f svo einhverjir séu nefndir. Það má sjá af þessari upptalningu að margir láta sig góðgerðarmál varða og styrkja okkar starf. Styrktarsjóðurinn er þegar farinn að huga að næsta verkefni.

Til fróðleiks má geta að alþjóðahreyfing Kiwanis tekur virkan þátt í að hjálpa börnum heimsins, t.d. Kiwanis Children Fund sem vinnur að því að útrýma stífkrampa á heimsvísu í samstarfi við UNICEF ásamt aðstoð við úkraínsk börn. Þá njóta Pieta samtökin, BUGL og Samfélagssjóðurinn hér á Höfn stuðnings frá Ós auk fjölda annarra smærri verkefna.

Kiwanisklúbburinn Ós hvetur áhugasama að vera í sambandi við féлага um inngöngu í klúbbinn á netfanginu os@kiwanis.is. Ekki má gleyma að stefnt er að stofnun kvennaklúbbs á Hornafirði og eru upplýsingar í Facebookhópnum Konur í Kiwanis Hornafirði.

Þá viljum við minna á páskaeggjapingið hjá Ós sem verður haldið laugardaginn 8. apríl klukkan 14.00 í Sindrabæ. Allur ágóði af bingóinu fer í styrktarsjóðinn.

*Bestu þakkir fyrir hönd
Kiwanisklúbbsins Óss.*

*Geir Þorsteinsson forseti, Kristjón Elvar
Elvarsson formaður skemmtinefndar og
Sigurður Einar Sigurðsson fréttaritari.*

FJÁRÖFLUN FYRIR ÆFINGARFERÐ 4.FLOKK KNATTSPYRNUDEILDAR

Þessa dagana er 4.fl kvenna og karla í knattspyrnu á fullu að afla fjár fyrir æfingaferð til útlanda sumarið 2024. Ljóst er að æfingaferðir til útlanda eru kostnaðarsamar og var því ekki eftir neinu að bíða en að byrja tímanlega. Þau hafa verið dugleg að ganga í hús og selja hinn ýmsa varning og eru þau að fara síðustu ferðina sína á þessari önn fyrir páska. Hópnum hefur verið tekið frábærlega og þökkum við ykkur Hornfirðingar kærlega

fyrir það! Hópurinn er stór, samheldinn og áhugasamur og hefur verið að standa sig frábærlega í iðkun sinni og má sjá á meðfylgjandi mynd hópinn ásamt þjálfurum eftir ReyCup síðasta sumar þar sem stelpurnar náðu sér í bikar í sínum flokki og strákarirnir náðu einnig topp sæti í sínum riðli. Með liðsanda og liðsheild í fararbroddi er framtíðin björt!
Takk fyrir stuðninginn! Áfram Sindri!



Innsetningar MESSA

Sr. Karen Hjartardóttir
verður sett inn í embætti
prests Bjarnanesprestakalls
í Hafnarkirkju sunnudaginn
19. mars kl. 11:00

Veitingar í
safnaðarheimilinu
að messu lokinni.
Allir velkomnir.

Sóknarnefndir



MEDIAL
EIGNARVEÐI

Fjöldi spennandi eigna á sölu!



Neðri hæð Bjarnahóll 4



Einbýli Austurbraut 3



Einbýli Hafnarbraut 3



Einbýli Kirkjubraut 7

Nánari upplýsingar á
<https://eignir.medial.is/>



Einbýli Svalbarð 4



Hæð Höfðavegur 13



Einbýli Kirkjubraut 63



Raðhús Fákaleira 3b

Raðhús - eldri borgarar
Víkurbraut 27 c

Opin hús á Bjarnahóli, Víkurbraut og Fákaleiru í næstu viku!

FERÐAÞJÓNUSTU FUNDUR 2023

MARS 24, 2023
TÍMI: 17:00 - 20:00

STAÐSETNING:
PAKKHÚSIÐ

SVEITARFÉLAGIÐ, VISITVATNAJÓKULL OG FERÐAMÁLAFÉLAGIÐ EFNA TIL FUNDAR OG SAMKOMU ALLRA FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU. RÆTT VERÐUR UM FRAMTÍÐ OG MÖGULEGT FYRIRKOMULAG UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR ÁSAMT ÖÐRUM MÁLUM SEM BRENNA Á GREININNI. VISITVATNAJÓKULL OG FASK VERÐA MEÐ STUTT ERINDI TIL AÐ KYNNA STARFSEMI HVORS FÉLAGS.

DÁ ER EKKI SÍÐUR TÍLEFNI TIL ÞESS AÐ KOMA SAMAN EFTIR NOKKUR ERFIÐ ÁR OG FAGNA BETRI TÍÐ OG BJARTRI FRAMTÍÐ Í GREININNI OKKAR.

ALLIR ERU HJARTANLEGA VELKOMNIR

AÐALFUNDUR 2023

MARS 24, 2023
TÍMI: 16:00 - 17:00

STAÐSETNING:
PAKKHÚS

AÐALFUNDUR RÍKIS VATNAJÓKULS VERÐUR HALDINN 24. MARS NK. FYRIR FERÐAMÁLAFUND. FARIÐ VERÐUR YFIR HEFÐBUNDIN FUNDARBRÖGÐ, ÁRSREIKNING OG SKÝRSLU STJÓRNAR.

MIKILVÆGT ER AÐ HLUTHAFAR MÆTI TIL AÐ ÁKVARÐA NÆSTU SKREF FÉLAGSINS.

LAUST ER Í ALLAR STÖÐUR STJÓRNAR OG AUGLÝST EFTIR FRAMBOÐUM.

WWW.VISITVATNAJOKULL.IS

STARFIÐ ER KÖLLUN



Gunnar Stígur sóknarprestur, Karen og Halldóra K Þorvarðardóttir prófastur.

Næstkomandi sunnudag verður nýráðinn prestur í Bjarnanesprestakalli, séra Karen Hjartardóttir, formlega sett í starfið við guðsþjónustu í Hafnarkirkju. Því þótti tilhlýðanlegt að kynna henni litillega með viðtali í Eystrahorni sem hér birtist.

Snæfellingur og á danskan mann

Ég fæddist á Akranesi árið 1992 elst fjögurra systkina. Foreldrar mínir heita Hjörtur Sigurðsson og Eygló Kristjánsdóttir sem bæði eru fædd og uppalin á Snæfellsnesi. Faðir minn er ættaður frá Staðarbakka í Helgafellssveit og móðir mín ólst fyrstu árin upp á Rífi og síðar í Stykkishólmi, hún segist sjálf vera Hólmari. Pabbi er sjómaður og þau hafa rekið, síðustu tíu ár, hestatengda ferðaþjónustu heima í sveitinni á Stóra-Kambi á sunnanverðu Snæfellsnesi. Ég ólst upp á Snæfellsnesinu, í Stykkishólmi, Arnarstapa og svo á áður nefndum Stóra-Kambi.

Ég fór í framhaldsskóla í Grundarfirði og eftir stúdentspróf lá leið mín til Reykjavíkur, þar sem ég stundaði nám við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Fljótlega eftir að ég lauk embættisprófi flutti ég til Danmerkur með fjölskyldu minni. Þar bjuggum við á Sjálandi í litlum bæ sem er heimabær mannsins míns, sem að er danskur.

Ég starfaði örlítið við sjálfbodaliðastörf úti, tók önn í uppeldisfræði, aðallega til að bæta mig í dönskunni og naut þeirra forréttinda að geta sinnt barninu mínu heima heils hugar. Fyrir þann tíma þegar við bjuggum á Íslandi hafði ég haft mörgu að sinna að vera í fullu námi, starfsnámi og sinna ungu barni, mestmegnis ein þar sem maðurinn minn flutti ekki til Íslands fyrr en árið 2016. En við eigum saman einn son sem verður 9 ára í apríl.

Guðfræðin heillaði

Sem barni þótti mér gaman að læra um Guð, bæði í sunnudagaskólanum og í grunnskólanum. Kristinfræði var ábyggilega eina fagið sem fékk 10 fyrir í grunnskóla. Sem barn elskaði ég líka að fara í sumarþúðir KFUM OG KFUK, fór þangað bæði með frænkum, vinkonum og eitt sumar fór ég meira að segja ein. Aldrei hefði mér samt dottið í hug að ég yrði prestur. Sem barn langaði mig að verða barnageðlæknir og leikari en síðar á mínum framhaldsskóla árum ákvað ég að fara í kennaranám eftir að ég lyki framhaldsskólánámi, enda alltaf haft ánægju að vinna með börnum. Um sumarið stuttu áður en ég átti að hefja kennaranám fékk ég köllunina mína frá Guði. Hún var kröftug og ég fór fljótt eftir hana að lesa mér til um nám við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Þar sem það var stutt í að kennaranámið ætti að hefjast taldi ég ekki vera miklar líkur á því að ég gæti hafið guðfræðinám strax um haustið. En sem betur fer athugaði ég hvort það væri hægt að breyta um námsleið svona skömmu áður en skólinn átti að byrja. Hóf ég því guðfræðinám haustið 2012, og sá aldrei eftir því. Ég lauk svo embættisprófi í guðfræði í febrúar 2018.

Eftir nokkurra ára dvöl í Danmörku var ég farin að sakna þess að búa ekki heima á Íslandi og langaði að koma heim og starfa sem prestur og nýta þar með mína guðfræðimenntun. Ég sá prestsstarfið fyrir Bjarnanesprestakall auglýst og fannst starfið kalla á mig.

Gott samtal er gulls ígildi

Væntingar mínar til starfsins eru að vera í góðu sambandi við sóknarbörnin og heyra hvað þau vilja að sé í boði í kirkjunum. Gott samtal er gulls ígildi og undirstaða þess að

hægt sé að koma til móts við þarfir fólks. Ég hef mikinn áhuga á barna- og æskulýðsstarfi og hef starfað við það innan þjóðkirkjunnar sem og í sumarþúðum KFUM og KFUK, svo ég sé mögulega á frekari þjónustu tengda því.

Hef aldrei látið lömunina hefta mig

Ég fæddist með varanlegan taugaskaða í hægri handlegg vegna axlarklemmu sem varð við fæðingu (Brachial Plexus skaða), og hef þar af leiðandi aldrei getað notað hægri hendina að neinu ráði. Sem barn fór ég í nokkrar skurðaðgerðir til þess að reyna gefa mér aukinn mátt en þær aðgerðir skiluðu því miður litlum árangri. En ég þekki ekkert annað og hef aldrei látið lömunina stoppa mig í einu eða neinu. Sömu leiðis hef ég alltaf verið ófeimin að biðja um hjálp þegar að ég þarf hennar með og finna mínar eigin leiðir til að leysa hlutina. Til dæmis blessa ég bara söfnuðinn með annarri hendi. Einnig fæ ég sóknarbörn til að dýfa oblátunni í kaleikinn við útteilingu sakramentisins, þar sem að ég get ekki bæði haldið á honum og notað þerruna. En eftir COVID-19 er orðið nokkuð algengt að fólk dýfi frekar oblátunni í vinið heldur en drekki úr kaleiknum svo það þykir því ekki lengur óvenjulegt.

Er þakklát og full tilhlökkunar

Það hefur verið afskaplega vel tekið á móti mér og ég er mjög þakklát fyrir hlýhug og hjálpsemina sem mér hefur verið sýnd alls staðar síðan ég kom hingað og ekki skemmir fállega landslagið fyrir. Við fyrstu kynni list mér vel á allt hér og gæti hugsað mér að setjast hér að til lengri tíma. Því miður eru húsnæðismálin vandamál og í óvissu hjá fjölskyldunni. Sem stendur er ég í lítilli leiguíbúð sem ég hef aðeins út maimánuð og eftir það er ég orðin húsnæðislaus. Okkur fjölskylduna vantar því leiguhúsnæði og treysti ég og vonast til þess að þau mál leysist fljótt og vel en leyfi mér að nota þetta tækifæri og auglýsa hér með eftir húsnæði fyrir okkur þrjú.

Svo vonast ég eftir að eiga með ykkur, fólkinu í héraðinu, margar góðar og gefandi stundir í starfinu og í kirkjunni okkar.

Albert Eymundsson

VINNUSMIÐJA Á VEGUM SVAVARSSAFNS

Í síðustu viku komu í sveitarfélagið þrír listamenn sem gestakennarar á vegum Svavarssafns og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Þær Hanna Dís Whitehead, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir og Steinunn Önnudóttir, sem eru vel þekktar í listaheiminum og hafa fengið m.a. tilnefningar til íslensku myndlistarverðlaunanna auk þess sem Steinunn hlaut styrk Svavars og Ástu árið 2019 fyrir upprennandi listmenn.



Árið 2022 unnu þær saman að sýningu í Ásmundarsal þar sem þær rannsökuðu nytjahluti, notagildi og fagurfræði. Nú mættu þær hingað í sveitarfélagið með það markmið að rannsaka nytjahluti úr Byggðarsafnsgeymslum og skapa námsefni fyrir nemendur.



Í rannsókn þeirra voru þær að skoða nytjahluti á Byggðarsafninu út frá notagildi, handverki og sérstöðu svæðisins. Í upphafi vinnusmiðjunnar gáfu þær nemendum í 1-4 bekk grunnskólans og listnemendum við FAS innsýn inn í nokkur hugtök úr rannsóknarvinnunni. Hugleiðingum um listmuni og nytjahluti var varpað upp með nemendum og farið var í hugarflug um gagnsemi, listfengi og skapandi ferli.

Eftir hugarflugið fóru nemendur í skapandi vinnu. Allir nemendur skissuðu upp skema af eigin nytjahlutum úr daglegu lífi. Í framhaldinu unnu nemendur einn hlut lengra í teikningu áður en haldið var á næsta þrep. Með 1. bekk fóru þær að búa til skrautmuni sem voru líka nytjahlutir, dúkar, blóm og vasar sem nemendur sköpuðu í samvinnu. Með 2. og 3. bekk var farið í mynstur og veggfóður sem leiddi til þess að nemendur sköpuðu sinn eigin stimpil sem var svo notaður til að stimpla á pappírsrenning sem í samsköpun skapaði það veggfóður. Með 4. bekk og nemendur á listasviði FAS var

unnið með eigin nytjahlut í leir og mótað var negatívu úr honum. Þegar búið var að slétta og laga kanta var helt gifsí ofan í mótin og úr varð gif-lágmynd sem þau máluðu með vatnslitum.

Afrakstur þessarar viðamiklu vinnu má sjá á veggjum í Nýheima. Verk 109 grunnskólanemendanna eru inni á bókasafni; hangandi veggfóður, dúkar og blóm á borðum og lágmyndir á víð og dreif á milli bóka. Lágmyndir listnema við FAS eru hangandi uppi á gula-veggnum sem má finna þegar þið gangið upp tröppurnar í FAS og er þar beint af augum.

Verkefnið er styrkt af Barnamenningar-sjóði og er samstarf listamannanna við Svavarssafn og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Við erum þeim Hönnu, Steinunni, Guðlaugu innilega þakklát fyrir þessa vinnu. Að taka okkur í ferðalag og innsýn á möguleikanum fyrir því sem Byggðarsafnið, samfélagið og sérstaðan okkar hefur upp á að bjóða.



UNGIR HORNFIÐINGAR SLÁ Í GEGN Á HESTAMANNAMÓTI



Ístölt Austurlands 2023 fór fram á Móvatni í febrúar. Þar fóru ungar og efnilegar hornfiskar hestakonur með sigur af hólmi í sínum greinum. Í B-flokki sigraði Elín Ósk Óskarsdóttir á Ísafold frá Kirkjubæ með einkunnina 8,76, í 2. sæti var Snæbjörg Guðmundsdóttir á Dís frá Bjarnanesi með einkunnina 8,67. Ída Mekkin Hlynisdóttir og Marín frá Lækjarbrekku unnu síðan í tólti T7, 17 ára og yngri, með einkunnina 7,38 í 2. sæti var Elín Ósk á Söru frá Lækjarbrekku, með einkunnina 6,88. Hryssurnar sem Elín og Ída kepptu á í tóltinu eru úr ræktun afa þeirra og ömmu að Lækjarbrekku í Nesjum.



ORÐALEIT

SUNDLAUG
SAMGÖNGUR
BOGAGÖNG
GJÁBARMUR
KLETTASALAT
NÍSKUPÚKI
MÁGKONA
GRÚTARHÁLEISTUR



Soffía R. Guðmundsdóttir, gift Gumma Kr. skipstjóra, lét draum sinn rætast fyrir nokkrum árum og fluttu þau hjónin til Spánar með tveimur dætrum sínum. Soffía er menntaður kennari og viðskiptafræðingur. Hún hefur einnig stundaði nám í verðbréfi viðskiptum og verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík. Á síðustu misserum hefur hún lagt stund á spænskunám við háskólann í Alicante og kann hvergi betur við sig en í líflegri menningunni og góða veðrinu við Miðjarðarhafið. Fyrir ári hóf Soffía, sem er dóttir hjónanna Guðmundar Eiríkssonar og Aldísar Sigurðardóttur störf sem sölufulltrúi á fasteignasölu Perla Investments á Spáni. Soffía sem er borinn og barnfæddur Hornfirðingur biður Hornfirðinga sérstaklega velkomna til að njóta lífsins í góða veðrinu hér á Spáni. Soffíu hlakkar mikið til að hitta ykkur sem flest og býður fram aðstoð sína við kaup á draumaeign ykkar hér á Spáni þar sem sólin skin að meðaltali 300 daga á ári.

Hafðu samband til að fá upplýsingar um skoðunarferðir
Við endurgreiðum allt að 2.000€ við kaup á nýrri eign



Perla
Investments s.l
Since 2000



☎ 00 354 774 2680

✉ SOFFIA@PERLAINVEST.COM

Láttu eignina vinna fyrir þig - við bjóðum upp á leigumíðlun

🌐 PERLAINVEST.COM

MENNINGARHÁTÍÐ HORNAFJARÐAR



Verðlaunahafar og styrkþegar á menningarhátíðinni

Föstudaginn 10. mars var mikið um dýrðir hér í Hornafirði, en þá var haldin vegleg menningarhátíð sveitarfélagsins í Nýheimum. Menningarverðlaun, umhverfisviðurkenningar og styrkir voru afhent. Alls voru 25 styrkir veittir, það voru styrkir atvinnu- og menningarmálanefndar, bæjarráðs, fræðslu- og tómsbundanefndar, og styrkir úr atvinnu- og rannsóknasjóði.

Sigurjón Andrússon bæjarstjóri setti hátíðina og kom fram í máli hans að Menningarstarf skiptir okkur öll máli. Það þróar okkar sjálfmynd, stolt og meðvitund fyrir uppruna. Menning eflir líka samheldni þar sem slík starfsemi leiðir saman fólk af ólíkum uppruna og byggir brýr á milli ólíkra hluta samfélagsins. Menningarstarf stuðlar að auknum skilningi og umburðarlyndi – en í slíku samfélagi líður okkur öllum betur.

Menningarverðlaun fyrir árið 2022

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994, til þeirra sem teljast hafa skarað fram úr á sviði lista, á árinu eða fyrir æviframlag. Að þessu sinni hlaut Kristín Gestsdóttir verðlaunin fyrir framlag hennar til menningar í sveitarfélaginu.

Kristín hefur verið virk í menningarlífi Hornafjarðar síðan hún flutti til Hafnar. Hún gekk strax í Leikfélag Hornafjarðar og fór strax að leika og tók síðar að sér leikstjórn, skrifaði handrit og sat í stjórn leikfélagsins.

Fyrsta sýning Skemmtifélags Hornafjarðar Slappaðu af var samstarfsverkefni Kristínar, Heiðars Sigurðssonar og Sigurðar Mar, þeir sömdu tónlistina og Kristín skrifaði söguþráðinn.

Nordurljósablús var annað samstarfsverkefni hjá þeim Kristínu, Heiðari og Sigurði Mar. En Kristín hefur líka verið virk í fleiri verkefnum eins og Humarhátíð. Já Kristín er liðtæk á margvíslegum sviðum menningar og lista.

Þau sem voru einnig tilnefnd eru:

Erna Gísladóttir formaður Kvennakórs Hornafjarðar, Þorsteinn Sigurbergsson ljósamaður, Guðný Svavarsdóttir, Hlynur Pálmason leikstjóri, Ída Mekkín Hlynsdóttir leikkona, Þorgils Hlynsson og Grímur Hlynson sem léku í stuttmyndinni Hreiðrið, Karlaóráinn Jökull, Svanhvít Helga Jóhannsdóttir og Hirðingjarnir.

Atvinnu og Rannsóknarsjóður

Alls bárust atvinnumálanefnd sjö umsóknir í sjóðinn og hljóðaði heildarupphæð þeirra upp á 5.300 þúsund. Í ár voru 800 þúsund veitt úr í A hluta, en úr honum er einu verkefni veittur styrkur árlega, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands hlaut styrkinn að þessu sinni fyrir verkefnið Helsingjar á Suðausturlandi aflestur litmerkja 2023. og 1,2 milljónir í B hluta sjóðsins, sem deilist á milli nokkurra verkefna. Helsingjar hafi orpið í Sveitarfélaginu Hornafirði frá árinu 1988 og

að þeim hafi fjölgað mikið á þeim 35 árum sem liðin eru frá fyrsta varpinu en hægt hefur á þeirri þróun og því er nauðsynlegt að fylgjast vel með þeirri þróun.

Fimm verkefni hlutu styrk úr B hluta í ár, þar af eru fjögur þeirra rannsóknarverkefni en eitt atvinnutengt. Fyrirtækið Jöklaverðir ehf. sem hlaut 270 þúsund króna styrk úr B sjóði fyrir verkefnið Markaðssetning gljúfraferða í Hornafirði.

Ljósmyndurneminn Heiðdís Anna

Marteinsdóttir hlaut 200 þús. kr. fyrir rannsókn um viðhorf og væntingar kvenna sem hafa reynsluþekkingu úr barneignarferlinu í Hornafirði.

Náttúrustofa Suðausturlands hlaut þrjú rannsóknarstyrki úr sjóðnum að þessu sinni. Verkefnið Aldursgreining gróðurleifa sem safnað hefur verið saman undan jökulsporði Breiðarmerkursands 270 þús. kr. Rannsókn stofunnar um lífsferil klettafrúr á Íslandi er mikið til enn óþekktur og ekki er vitað hversu mörg ár plantan vex áður en hún blómgastr og deyr. Kortlagning Stígár- og Hólárjökuls í sunnanverðum Örafajökli, hlaut 200 þús. kr. en markmiðið með því að er að áætla hámarksútbreiðslu jöklanna á litlu ísöld.

Umhverfisviðurkenningar

Gunnlaugur Róbertsson, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar, veitti umhverfisviðurkenningar fyrir hönd nefndarinnar. Tilgangur viðurkenninganna er að vekja íbúa sveitarfélagsins til umhugsunar um gildi náttúru og umhverfis fyrir samfélag og atvinnulíf.

Í ár voru veittar fjórar viðurkenningar.

Anna Ólöf Ólafsdóttir og Sigurjón Garðar Óskarsson hlutu viðurkenningu fyrir fallegan og snyrtilegan garð að Heiðarbraut 3 á Höfn. Þrúðmar Þrúðmarsson og Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir fallegt og snyrtilegt lögbýli. Á Hoffelli hafa þau Þrúðmar og Ingibjörg lagt mikið upp úr snyrtimennsku í kringum bæi sína sem bera þess merki.

Leik- og Grunnskólinn í Hofgarði hlaut viðurkenningu fyrir umhverfisvænar áherslur í fræðslustarfi. Í skólanum er mikið lagt upp úr virðingu við umhverfið og flokkun og sjálfbærri hugsun. Þar eru matarleifar ýmist jarðgerðar á staðnum eða nýttar sem hænsnaföður. Matjurtagarður þar sem börnin sá og árstíðarbundið hráefni úr náttúrunni nýtt til dæmis með því að tína ber og sveppi til matargerðar.

Umhverfis Hornafjörður hlaut viðurkenningu fyrir ótult starf í umhverfismálum með fræðslu og viðburðahaldi. Eitt helsta markmiðið er að mynda regnhlíf yfir þau verkefni sem þegar eru unnin í anda hringrásarhagkerfis innan sveitarfélagsins.

Styrkir nefnda og bæjarráðs

Alls bárust ellefu umsóknir um menningarstyrki, og eru þeir veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Eyrúnar H. Ævarsdóttur að með þessum styrkjum vilji atvinnu- og menningarmálanefnd hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar. Eftirtalin félagasamtök hlutu styrk að þessu sinni: Blús og rokkklúbbur Hornafjarðar, Gleðigjafar, Samkór Hornafjarðar, Karlakórinn Jökull, Kvinnakór Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lúðrasveit Hornafjarðar, MUUR, Tómas Nói Hauksson og Hlynur Pálmason.

Fræðslu- og tómstundanefnd veitti styrki til Hlaupahóps Hornafjarðar, Hestamannafélagsins Hornfirðings og Foreldrafélags Sjónarhóls.



Hljómsveitin Fókus

Bæjarráð veitti styrki til Gunnars Pálma Péturssonar til skráningar á akstursíþróttasögu þeirra feðga, Vigdísar Mariu Borgarsdóttur fyrir Flugdag á Humarhátíð, Skógræktarfélags Austur- Skaftafellsýslu fyrir viðhald á mannvirkjum. Þorsteinn Grétar Sigurbesson hlaut styrk fyrir kaup á nýjum ljósabúnaði í Vatnstankinn og Hirðingjarnir hlutu rekstrarstyrk.

Athöfnin var hátíðleg að vanda og Hljómsveitin Fókus fluttu vel valin lög í tilefni dagsins og hituðu upp fyrir blúshátíð sem haldin var um helgina.

Öllum styrk- og verðlaunahöfum er óskað til hamingju.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir Gömlubúð til leigu

Gamlabúð er vel staðsett við hið líflega hafnarvæði á Höfn og er eitt sögufrægasta hús Hornafjarðar. Það var upphaflega byggt árið 1864 við Papós í Lóni en síðar flutt til Hafnar. Lengst af var rekin verslun í húsinu, en síðar byggðasafn og nú síðast Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt upplýsingamiðstöð ferðamanna. Húsið býður upp á mikla möguleika og hentar vel undir fjölbreyttan rekstur. Það er á þremur hæðum og er heildarstærð þess um 300 fm. Lyfta er í húsinu og gott aðgengi fyrir alla.

Leigutaka verður heimilt að nýta húsnæðið á þann hátt sem samið verður um. Öll breyting á húsnæðinu er háð samþykki bæjarráðs og skal vera á kostnað og ábyrgð leigutaka.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um fyrirhugaða starfsemi og rekstrarfyrirkomulag í húsinu. Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um val á leigutaka eru eftirfarandi:

- Aukið aðdráttarafi Hafnar sem áfangastaðar
- Áformaður leigutími
- Endurgjald fyrir leigu húsnæðis
- Opnunartímar
- Reynsla og þekking viðkomandi aðila af rekstri
- Nýting hússins með tilliti til sérstöðu þess

Athugið að vægi skilmálanna er óháð röðun þeirra.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast skilið inn umsókn á netfangið ardis@hornafjordur.is eigi síðar en kl. 23:59 þann 2. apríl 2023. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er á grunni greinargerðar eða hafna öllum.

Allar nánari upplýsingar veitir Árdís í síma 470-8000 eða tölvupósti ardis@hornafjordur.is

Bæjarráð Hornafjarðar





Fjölbreytt sumarstörf í boði

Eimskip á Austurlandi leitar að jákvæðu og drífandi fólki til starfa á starfsstöðvar félagsins í sumar. Fjölbreytt störf og tækifæri eru í boði og verður ráðið í störf bæði í vaktavinnu og dagvinnu.

Ráðið verður í stöður á eftirfarandi svæðum:

- Hafnarsvæði Mjóeyrarhöfn
- Skrifstofa Mjóeyrarhöfn
- Verkstæði Mjóeyrarhöfn
- Vöruhús Egilsstaðir
- Vöruhús Höfn
- Vöruhús Neskaupstaður
- Vöruhús Reyðarfjörður
- Meiraprófsbílstjórar í akstur

Störf á hafnarsvæði eru unnin í vaktavinnu, annars vegar á 12 tíma dag- og næturvöktum í hleðsluskála þar sem unnið er í 5 daga og frí í 5 daga, og hins vegar á bryggju þar sem unnið er á 8 og 12 tíma vöktum.

Störf á skrifstofu og í vöruhúsum eru unnin í dagvinnu, með tilfallandi yfirvinnu.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um. Eimskip leggur áherslu á jafnrétti, heilsu og vellíðan starfsfólks þar sem markvisst er unnið að jafnri stöðu óháð kyni og leitast eftir því að hafa vinnuumhverfið sem öruggast og heilsusamlegast.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Ökuréttindi eru skilyrði vegna starfa í vöruhúsum
- Lyftararéttindi eru kostur vegna starfa í vöruhúsum
- Meirapróf er skilyrði fyrir bílstjóra í akstur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Sveigjanleiki, þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Mannauðssvið í gegnum netfangið starf@eimskip.is en eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefinn okkar, eimskip.is.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2023

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.



NÝ GJALDSKRÁ VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS

Á fundi þann 28. nóvember 2022, afgreiddi stjórn Vatnajökulspjóðgarðs tillögur um fyrirkomulag gjaldtöku á árinu 2023. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur nú sett reglugerð á grundvelli þessara tillagna. Í þessari stuttu yfirferð verður gerð grein fyrir því hvaða áhrif ný gjaldskrá hefur á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Frá því um haustið 2017 hafa verið innheimt svæðisgjöld í Skaftafelli en sú gjaldtaka felur í sér aðferð við tekjuðflun sem ætlað er að standa að hluta undir þjónustu sem gestir eiga kost á í Vatnajökulspjóðgarði. Þjónusta sem gestir fá aðgang að með greiðslu svæðisgjalds felst meðal annars í bílastæðum, þjónustu í gestastofu, salerisaðstöðu, fræðslu og leiðbeiningum frá landvörðum, aðgangi að

gönguleiðum og þátttöku í fræðslugöngum með leiðsögn landvarða þegar þær eru á dagskrá. Frá og með 1. júní 2023. verður sambærilegt svæðisgjald innheimt við Jökulsárlón Samkvæmt nýrri gjaldskrá þjóðgarðsins hækka svæðisgjöldin úr 750 kr. í 1.000 kr., miðað við fólksbifreið, fimm manna og færri. Hækkunin í Skaftafelli tekur gildi þann 30. mars n.k., en gjaldtaka við Jökulsárlón hefst eins og áður segir þann 1. júní n.k. Sérstök athygli er vakin á því ákvæði reglugerðarinnar að veittur er 50% afsláttur af svæðisgjaldi ef annað þjónustusvæði hefur áður verið heimsótt innan sólarhringsins og fullt gjald greitt þar. Tjaldstæðisgjöld eru ekki innifalin í svæðisgjaldi. Fyrirkomulagi gjaldtöku



á tjaldsvæðum þjóðgarðsins breyttist úr því að miðast við fjölda gistinga yfir í gjald fyrir tjaldstæði þar sem allt að sex manns mega gista. Fjárhæðir þessara tjaldstæðisgjalda koma fram í reglugerðinni.

*Hrafnhildur Ævarsdóttir
Steinunn Hödd Harðardóttir
Þjóðgarðsverðir á suðursvæði
Vatnajökulspjóðgarðs*

STRANDVEIÐAR Í STÓRSÓKN



Aðalfundur Strandveiðifélags Íslands var haldinn þann 5.mars sl.á eins árs afmælisdegi félagsins. Strandveiðifélag Íslands var stofnað 5.mars 2022 í gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu. Félagið telur um 300 manns og ágæt mæting var á fundinn.

Tilgangur félagsins er að standa vörð um og berjast fyrir rétti almennings til handfæraveiða við Íslandsstrendur og koma í veg fyrir

mismunun í lögum um fiskveiðistjórnun sem brýtur í bága við stjórnarskrá landsins sem er staðfest alþjóðlega og innanlands.

Það var þungt yfir fólki á fundinum vegna nýjasta útspils matvælaráðherra um svæðaskiptingu og bráðabirgðatillagna frá verkefninu Auðlindin okkar. Strandveiðifélag Íslands á fulltrúa í sjávarútvegshöfðingjunni en ekki í starfshópnum í því verkefni. Augljóst var af bráðabirgðatillögnum að dæma að ekki var tekið tillit til neins af þeim leiðum, lausnum og sjónarmiðum sem við komum á framfæri á fundunum. Mátti skilja sem svo að Auðlindin okkar miði gagngert að því útrýma strandveiðum.

Ákveðið var að láta ekki deigan síga, heldur halda áfram okkar striki og fara af krafti í baráttu svo handfæraveiðar leggist ekki af. Þetta eru okkar umhverfisvænustu veiðar, bæði hvað varðar olíunotkun, veiðarfæri og verndun hafsbots. Við teljum þjóðina með okkur í liði.

Nýr formaður var kjörinn Kjartan Páll Sveinsson. Kjartan er strandveiðimaður og félagsfræðingur. Hann lauk BA gráðu í mannfræði við Háskóla Íslands og er með doktorspróf í félagsfræði frá London School of Economics. Kjartan hefur starfað á sviði rannsókna og opinberrar stefnumótunar í nær 20 ár, bæði á Íslandi og í Bretlandi, en hafið á hug hans og hjarta.

Ný stjórn var kjörin:
Axel Örn Guðmundur Geirdal
Álfheiður Eymarsdóttir
Birgir Haukdal Rúnarsson
Friðjón Ingi Guðmundsson
Gísli Einar Sverrisson
Gísli Páll Guðjónsson
Halldóra Kristín Unnarsdóttir
Hjörtur Sævar Steinason
Þórólfur Júlían Dagsson
Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá nýkjörnum formanni, Kjartani Páli Sveinssyni í síma 6636692

Stjórn Strandveiðifélags Íslands.

HORNAFJÖRÐUR, NÁTTÚRULEGA! KOMIÐ Á FLUG

Nú er verkefnið **Hornafjörður, náttúrulega!** komið vel af stað og hafa fulltrúar stofnana sveitarfélagsins hafið vinnu við að skilgreina áherslur sinna stofnana í takt við nýju heildarstefnu sveitarfélagsins. Fyrsta skref þeirrar vinnu var tekið á sameiginlegri vinnustofu þar sem 46 fulltrúar starfsmanna sveitarfélagsins komu saman í Vöruhúsinu til að rýna starf sitt út frá markmiðum stefnunnar. Verkefnastjórar Nýheima þekkingarseturs hafa tekið saman niðurstöður þeirrar vinnu. Vinnustofan heppnaðist í alla staði vel og er afurð hennar yfir 500 góðra hugmynda og tillagna að aðgerðum og verkefnum sem stofnanir sveitarfélagsins



geta unnið að. Marsmánuður verður nýttur í vinnufundi í hverri stofnun þar sem starfsfólk mun ákveða áherslur og aðgerðir fyrir sína stofnun til að vinna að næstu mánuðina. Fyrsti átaksmánuður ársins í tengslum við verkefnið verður haldinn í apríl sem helgaður verður umhverfis- og loftslagsmálum. Í þeim mánuði mun því sveitarfélagið allt vinna að verkefnum og aðgerðum sem tengjast málefninu á einn eða annan hátt.

Þó að verkefnið sé á þessu fyrsta ári sérstaklega miðað að starfsemi stofnana þá er það um leið eign samfélagsins alls. Það felur því jafnframt í sér kynningu og miðlun til allra íbúa og viljum við sem að verkefninu stöndum fá sem flesta íbúa



til þátttöku í viðburðum og aðgerðum þess. Við tökum öllum hugmyndum og ábendingum fagnandi, hafa má samband við verkefnastjóra í gegnum tölvupóst á natturulega@hornafjordur.is. Einnig hvetjum við alla til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum verkefnisins.

Fyrir hönd verkefnastjórnar Hornafjörður náttúrulega!

Kristín Vala Þrastardóttir

hornafjörður
náttúrulega!



SÖFNUN SPILLIEFNA, RAFTÆKJA OG TEXTÍLS Í DREIFBÝLI

Spilliefnum, raftækjum, textíl og fötum verður safnað í dreifbýli sveitarfélagsins dagana 27. – 31. mars. Þjónustan er gjaldfrjál og eru íbúar hvattir til að nýta sér hana. Þeir sem vilja nýta sér þessa þjónustu eru beðnir um að senda nafn tengiliðs, símanúmer og heimilisfang á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is eða hafa samband í síma 470-8000 í síðasta lagi föstudaginn 24. mars. Haft verður samband við tengiliði áður en komið er að sækja. Spilliefni: eru til dæmis rafgeymar, rafhlöður, málning, gashylki, slökkvitæki, koppafeiti og spartls. Spilliefni skulu vera í lekaældum ílátum. Raftæki: eru til dæmis símar, jólaseriur, rafmagnssnúður, örbylgjuofnar, ísskápar og þvottavélar. Textíll og föt: eru til dæmis bolir, buxur, peysur, gardínur, teppi og jafnvel skór. Textíl og fötum skal skilað í lokuðum pokum en þeim verður komið til Rauða krossins.





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Porgeirsstaðir í Lóni - deiliskipulag

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 8. mars 2023 að auglýsa deiliskipulag Þorgeirsstaða í Lóni í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Fyrirhuguð er frekari uppbygging á ferðaþjónustustarfsemi, með gistingu fyrir allt að 60 gesti. Einnig eru fyrirhugaðar tvær nýjar smávirkjanir í Þorgeirsstaðaá, tjaldsvæði vestan árinna og göngubrú yfir ána.

Tillagan verður til sýnis frá 17. mars til 28. apríl í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn. Einnig er hægt að skoða hana á heimasíðu Hornafjarðar: www.hornafjordur.is undir *Skipulag í kynningu*.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma.

Eingöngu er tekið við athugasemdum á rafrænan hátt. Farið er inná auglýsingu skipulagstillögunnar á heimasíðu sveitarfélagsins, þar er tengill sem vísar á íbúagátt og þarf að skrá sig inn með íslykli.

Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum gegnum netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Umhverfis og skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins
Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Fjölbreytt störf á Höfn



Berjaya Höfn Hotel leitar að þjónustulunduðu og drífandi fólki í spennandi framtíðarstörf og sumarstörf.

Við óskum eftir jákvæðu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur áhuga og metnað til að starfa í öflugum teymi sem veitir gestum okkar afbragðsþjónustu. Við bjóðum fjölbreytt og skemmtileg störf á lifandi og fjörlegum vinnustað.

Umsóknir og nánari upplýsingar á ráðningavef Iceland Hotel Collection by Berjaya:



Iceland Hotel Collection by Berjaya starfar í alþjóðlegu umhverfi þar sem lögð er áhersla á samvinnu, sveigjanleika og frumkvæði í starfi. Hjá fyrirtækinu vinnur samhentur hópur með sameiginleg markmið, þar sem borin er virðing fyrir gestum, samstarfsfólki og náttúrunni.

MINNINGARGREIN INGIBJÖRG ZOPHONÍASDÓTTIR



Ingibjörg Zophoníasdóttir
22.08.1923-27.02.2023

Ingibjörg Zophoníasdóttir f. á Hóli í Svarfaðardal 22.8. 1923. Hún lést á dvalarheimilinu Skjólgarði á Höfn 27. feb. sl. 99 ára að aldri. Útför hennar fór fram frá Kálfafellsstaðarkirkju 11. mars sl. Foreldrar Ingibjargar voru Súsanna Guðmundsdóttir f. 6.2. 1884 á Óslandi í Óslandshlíð í Skagafirði, d. 15.6. 1980 og Zophonías Jónsson, f. 11.2. 1894 á Hóli í Svarfaðardal, d. 29.9. 1991. Systkini Ingibjargar sem komust til fullorðinsára voru: Jónmundur, Friðbjörn Adolf og Oddný Jóhanna.

Foreldrar Ingibjargar stunduðu búskap á Hóli í Svarfaðardal þar sem hún ólst upp og fékkst við hvers kyns sveitastörf og hlaut hefðbundna barnaskólamenntun. Þá stundaði hún nám í Húsmæðraskólanum á Blönduósi veturinn 1941-42.

Eiginmaður hennar var Torfi Steinþórsson f. 1.4. 1915, d. 17.4. 2001 sem kom farkennari í Svarfaðardal og fluttu þau í Suðursveit vorið 1945. Ingibjörg og Torfi eignuðust 10 börn, fjölskyldur þeirra og afkomendur eru:

1) Torfhildur Hólm, f. 1945, eiginmaður hennar er Þorbergur Örn Bjarnason og eiga 6 börn og 42 barnabörn og barnabarnabörn.

2) Steinþór, f. 1948, eiginkona hans er Olóf Anna Guðmundsdóttir og eiga 3 börn og 4 barnabörn.

3) Drengur, f. 27. apríl 1950, d. 28. apríl 1950.

4) Fjölur f. 1952, eiginkona hans er Þorbjörg Arnórsdóttir og eiga 4 syni og 6 barnabörn.

5) Steinunn, f. 1952, eiginmaður hennar er Björn Magnús Magnússon og eiga 2 börn og barnabörnin eru 4.

6) Þórbergur, f. 1954. Börn hans eru 9 og barnabörn og barnabarnabörn eru 27.

7) Zophonías Heiðar, f. 1956, eiginkona hans er Guðrún Ingólfssdóttir og eiga 4 börn og 11 barnabörn.

8) Súsanna Björk, f. 1960, eiginmaður hennar er Ásmundur Þórir Ólafsson og eiga 3 börn og 6 barnabörn.

9) Margrét, f. 1961, sambýlismaður hennar er Jón Hrafn Guðjónsson og eiga 4 börn og 6 barnabörn.

10) Þórgunnur, f. 1965, eiginmaður hennar er Ásgrímur Ingólfsson og eiga 3 börn og 3 barnabörn.

Afkomendur Ingibjargar og Torfa eru orðnir 134, bónus börnin 24 og með tengdabörnum telur fjölskyldan 210 manns.

Við flutning þeirra í Suðursveit var Torfi nýráðinn kennari og skólastjóri við Hrollaugsstaðaskóla sem var heimavistaraskóli og þá enn í byggingu. Frá 1948 til 1966 dvöldu þau í Hrollaugsstöðum á veturna en á Hala á sumrum og aðstoðuðu við bústörfin hjá tengdforeldrum Ingibjargar, Steinþóri og Steinunni sem bjuggu á Hala. Frá haustinu 1961 og fram til 1966 bjó elsta dóttirin, Torfhildur Hólm, með Þorbergi eiginmanni sínum og elstu börnum þeirra á Hala. Eftir að þau fluttu búferlum að Gerði sumarið 1966 dvaldi Ingibjörg allt árið á Hala og sá að miklu leyti um öll bústörf þar næstu árin uns synirnir Steinþór og Fjölur tóku við bústörfum

á Hala ásamt eiginkonum sínum upp úr 1970.

Ingibjörg átti sér mörg áhugamál og tók virkan þátt í félagsmálum eins og tíminn leyfði. Hún var starfssöm kona og það reyndi á að koma 9 börnum á legg og sjá um heimili og bústörf að auki. Hún stóð ásamt öðrum konum að stofnun Kvenfélagsins Óskar í Suðursveit 1946 og var formaður þess í 25 ár. Hún tók þátt í starfi Sambands austur-skaftfellskra kvenna og sat fjölda funda sambandsins. Ingibjörg var í stjórn Orlofssjóðs húsmæðra í Austur-Skaftafellssýslu um árabil. Þá var hún formaður sóknarnefndar Kálfafellsstaðarsóknar í fjölda ára og tók einnig virkan þátt í starfi ungmennafélagsins Vísir í Suðursveit. Almennt var hún boðin og búin til þess að hlaupa undir bagga þar sem þörf var á hjálpanði hönd og þar á meðal við rekstur heimavistarinnar við Hrollaugsstaðaskóla auk þess sem hún kenndi handavinnu þar í mörg ár.

Ingibjörg fylgdist vel með uppveiti og velferð afkomenda sinna alveg til síðasta dags og sýndi því áhuga sem fólkið hennar var að fást við. Síðast brosið hennar á banalegunni var þegar hún frétti að von væri á tveimur börnum í fjölskylduna næsta sumar, langömmu- og langalangömmubarni.

Þegar Torfi lést 2001 höfðu þau fest kaup á íbúð í íbúðum aldraðra í Ekru á Höfn. Þangað fluttist Ingibjörg það haust og dvaldi þar að vetrinum en á Hala á sumrin meðan heilsan leyfði. Hún átti heimili í Ekru í tæp 19 ár en flutti á Hjúkrunarheimilið Skjólgarð í ársbyrjun 2020. Þar átti hún góða dvöl sem hún var afskaplega ánægð með og þakklát fyrir þá umönnun og aðstoð sem hún naut þar.

Fjölskylda Ingibjargar færir starfsfólki og dvalargestum á Skjólgarði þakkir fyrir allan hlýhug og velvild sem hún varð aðnjótandi þar síðustu æviárin.



Fermingarskeyti Kvennakórs Hornafjarðar 2023

MEÐFYLGJANDI ER LISTI YFIR ÞAU BÖRN SEM FERMAST EÐA
STAÐFESTA SKÍRN Í SVEITARFÉLAGINU Á ÞESSU VORI
VINSAMLEGAST MERKIÐ VIÐ ÞAU BÖRN SEM ÞIÐ VILJIÐ SENDA SKEYTI
OG VIÐ MUNUM SJÁ UM PRENTUN OG ÚTBURÐ Á SKEYTUNUM.
TEXTINN Á SKEYTUNUM ER
"HJARTANLEGAR HAMINGJUÓSKIR Á FERMINGARDAGINN" (OG SVO
FRJÁLS VIÐBÓT AÐ EIGIN ÓSK)

UNDIRSKRIFT ER

VERÐ Á SKEYTI ER 900,-

PANTANASÍMAR FERMINGARSKEYTANNA ERU: 866-8470 SIGURBJÖRG
OG 847-4035 ARNA ÓSK.
NETFANG FERMINGARSKEYTI@GMAIL.COM

HÆGT ER AÐ BORGA SKEYTIN MEÐ ÞVÍ AÐ LEGGJA INN Á REIKNING
KVENNAKÓRS HORNAFJARÐAR Í LANDSBANKANUM
KENNITALAN ER 6309973139
BANKANÚMERIÐ ER 0169-05-400590
SENDIÐ KVITTUN Á FERMINGARSKEYTI@GMAIL.COM

1. APRÍL 2023 LAUGARDAGUR

Borgaraleg ferming

Marías Fanndal Atlason Hagatún 6

6. APRÍL 2023 SKÍRDAGUR

Hafnarkirkja kl 11:00

Ágúst Hilmar Halldórsson	Silfurbraut 3
Áskell Vigfússon	Hlíðartún 37
Íris Ösp Gunnarsdóttir	Heiðarbraut 4
Jóhann Frans Ólason	Silfurbraut 1
Karitas Björg Ragnarsdóttir	Smárabraut 13
Karítas Diljá Björgvinsdóttir	Heiðarbraut 1
Telma Björg Gunnarsdóttir	Garðsbrún 2

8. APRÍL 2023 LAUGARDAGUR FYRIR PÁSKA

Hafnarkirkja kl 11:00

Hilmar Freyr Ágústsson	Hafnarbraut 49
Jakob Jóel Ágústsson	Kirkjubraut 59
Sindri Sigurjón Einarsson	Smárabraut 5

28. MAÍ 2023 HVÍTASUNNUDAGUR

Hafnarkirkja kl 11:00

Aðalsteinn Ómar Liljuson	Fákaleira 10b
Ísold Andrea Andrésdóttir	Hafnarbraut 31
Kristján Reynir Ívarsson	Fákaleira 4a
Stefán Birgir Bjarnason	Hagatúni 14

4. JÚNÍ 2023 SJÓMANNADAGURINN

Bjarnaneskirkja kl 11:00

Klara Margrét Jónsdóttir Hæðargarði 19

VINSAMLEGAST PANTIÐ SKEYTIN
TÍMANLEGA



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Risarækjur Halldórs Halldórssonar



Hráefni

80gr smjör.
Grænmetisólía.
1 poki risarækjur.
1 fræhreinsað chili.
Bútur af engifer.
5 væn hvítlauksrif.
1 tsk karríduft.
1 sæt kartafla 6-800gr.
1 blaðlaukur, þarf að skola.
1 rauðlaukur.
1 pink lady epli.
1 rauð paprika.
800ml kókosmjólk änglamark
organic eða matreiðslurjómi.
Ferskur kóriander.
Salthnetur.
2 lime.

Þakkir til Kristjáns frænda míns fyrir að skora á mig. Ekkert smá flott hjá honum enda framtíðar maður í eldhúsi hér á ferðinni.

Undanfarin misseri hafa vösk ungmenni barið að dyrum hjá heimamönnum og boðið til sölu sjávarfang, þar á meðal risarækjur. Uppskriftin sem fylgir er úr risarækjunum sem þau selja. Hvet alla til að taka vel á móti þeim í framtíðinni. Uppskriftin er frekar fljótgerð og hentar auðveldlega fyrir 4-6. Líka geggjað daginn eftir.

Aðferð

Byrjið á að afþýða rækjurnar og þerra vel. Skerið chili, hvítlauk og engifer smátt. Restina af grænmetinu má skera í c.a 1x1cm bita. Bræðið smjör á pönnu ásamt chili, hvítlauk og engifer. Þegar smjórið fer að freyða má bæta rækjunum út á og létt steikja ásamt salti og pipar, varist að füllelda og setjið til hliðar á disk. Hitið grænmetisólíu í rúmgóðum potti og bætið sætkartöflum úti ásamt salti og pipar. Þegar þær hafa tekið lit er restinni af grænmeti ásamt eplum bætt úti ásamt 1 tsk af karrídufti. Þetta er steikt saman í smá tíma og þá er kókosmjólkinni bætt út í og suðan látin koma upp og soðið þar til sætar kartöflur eru orðnar meyrar og góðar. Þá er rækjunum bætt úti og suðan látin vera í c.a 1-2 mínútur. Smakka má til með salti og pipar. Berið fram með hrísgrjónum, núðlum eða cous cous, salati og brauði eða naan brauði.

Gott er að dreifa ferskum kóriander og gróf-skornum salthnetum yfir réttinn og hafa lime báta með. Berið fram með salati og brauði eða naan brauði.

Ég skora loks á Ara Þorsteinsson og Maríu Gísladóttur og þakka þeim um leið fyrir að hækka alla staðla í veitingageiranum á Höfn ásamt Önnu með tilkomu Humarhafnarinnar. Skál fyrir ykkur.

SPURNING VIKUNNAR

Hvort er verðmætara tími eða peningar?



Ástrós Aníta Óskarsdóttir

Tíminn er verðmætari, peningar koma og fara



Mariano Ferreyra

Tíminn



Gunnar Ingi Valgeirsson

Tíminn er verðmætari, en það er samt gott að eiga peninga



Sinisa Valdimar Kekic

Peningar, money talks

ATVINNA Í BOÐI

Almenn afgreiðsla

Við óskum eftir að ráða þjónustulundaða einstaklinga í **sumarafleysingar** á flugvellinum á Höfn.

Starfið felur í sér almenn afgreiðslustörf, símsvörun, bókanir í flug, innritanir, hleðslu á flugvélum, útkeyrslu og annað tilfallandi.

Við leitum að fólki með hæfni í mannlegum samskiptum, bílpróf, öguðum vinnubrögðum og góðri enskukunnáttu.

Umsóknir sendist á netfangið **hofn@ernir.is** en umsóknarfrestur er til **15. apríl** næstkomandi.

Flugfélagið Ernir

562 2640 / 464 1300

ernir@ernir.is / ernir.is



EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR